



Tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2018 (2019 til 2022)

Gert er ráð fyrir eftirfarandi tímasetningum í áætluninni:

A. Fimmtudagur 28. júní – (bæjarráð)

- Grunnforsendur fjárhagsáætlunar yfirfarnar og ákveðnar til fyrstu vinnslu
- Byggja að meginstefnu til á forsendum Hagstofu Íslands, þ.e. Þjóðhagsspá að sumri 2018 sem var birt 1. júní 2018.
- Forsendur og rammur sendir á sviðsstjóra/forstöðumenn að lokinni keyrslu fjármálasviðs (að öllum líkindum fyrir 6. júlí næstkomandi).

B. Þriðjudagur 11. september – (bæjarfulltrúar)

- Vinnufundur bæjarfulltrúa vegna fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar til næstu fimm ára og forgangsröðun verkefna á árinu 2018
- Yfirlit yfir stöðu verkefna á árinu 2018 lagt fram
- Forsendur fjárhagsáætlunar yfirfarnar
- Sviðsstjórar/forstöðumenn skila inn einingaáætlun launa

C. Fimmtudagur 13. september – (bæjarráð)

- Vinnsla fjárhagsáætlunar á dagskrá bæjarráðs
- Forsendur fjárhagsáætlunar formlega ákveðnar
- Forsendur og rammur sendir á sviðsstjóra/forstöðumenn í kjölfarið

D. Mánudagur til miðvikudags 17. – 19. september – (fagråd önnur en bæjarráð)

- Sviðsstjórar kynna í ráðunum forsendur fjárhagsáætlunar
- Sviðsstjórar kynna upplýsingar varðandi magntölur með hliðsjón af lögbundnum verkefnum, s.s. fjölgun nemenda, aukin þjónustu í kjölfar lagabreytinga eða aðrar breytingar sem kalla á endurskoðun (hækkun eða lækkun) fjárhagsáætlunar á milli ára

E. Fimmtudagur 27. september – (bæjarráð)

- Vinnsla fjárhagsáætlunar á dagskrá bæjarráðs
- Greinargerðir sviðsstjóra varðandi frávík frá forsendum fjárhagsáætlunar þurfa að liggja fyrir
- Ákvörðun varðandi fasteignaskatta (fasteignagjöld, lóðagjöld og sorpgjöld)
- Ákvörðun um aukafund bæjarráðs

F. Mánudagur til föstudags 1. – 5. október – (fagråd önnur en bæjarráð).

- Fjárhagsáætlun á dagskrá ráðanna

G. Fimmtudagur 11. október – (fundur bæjarráðs)

- Frumvarp fjárhagsáætlunar og tillögur samþykktar og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn



H. Þriðjudagur 23. október – (bæjarstjórn)

- Fyrri umræða um fjárhagsáætlun

I. Fimmtudagur 25. október – (bæjarráð)

- Fjárhagsáætlun á dagskrá bæjarráðs

J. Mánudagur til föstudags 5. til 9. nóvember – (fagráð önnur en bæjarráð).

- Fjárhagsáætlun á dagskrá ráðanna

K. Tímabilið 5. nóvember til 14. nóvember – (bæjarstjóri/sviðsstjórar/forstöðumenn)

- Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun.
- Fundir sviðsstjóra/forstöðumanna með bæjarstjóra/fjármálasviði vegna vinnslu áætlana

L. Fimmtudagur 15. nóvember – (bæjarráð)

- Fjárhagsáætlun á dagskrá bæjarráðs
- Frumvarp til fjárhagsáætlunar afgreitt í bæjarráði og vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn
- Ákvörðun um aukafund/aukafundi í bæjarráði

M. Þriðjudagur 27. nóvember (bæjarstjórn)

- Síðari umræða um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar